

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

11. desember 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bætt starfsumhverfi erlendra sérfræðinga, 123. mál.

Samtök atvinnulífsins eru sammála efni þingsályktunartillögunnar og telja mikilvægt að bæta starfsumhverfi erlendra sérfræðinga. Það er íslenskum fyrirtækjum mikilvægt að geta sótt sérfræðipækkingu til einstaklinga hvar sem er í heiminum eftir því sem þörf krefur og að allt ferli til að þeir geti fengið hér atvinnu- og búsetuleyfi sé einfalt, skilvirkt og taki sem skemmstan tíma.

Samtökin ásamt Íslandsstofu, Reykjavíkurborg, Viðskiptaráði Íslands og Samtökum iðnaðarins standa um þessar mundir fyrir könnun á þörf íslenskra fyrirtækja og stofnana fyrir erlenda sérhæfða starfsmenn. Könnunin nær til fyrirtækja sem stunda alþjóðaviðskipti, úrtaks lítilla og meðalstórra fyrirtækja í upplýsingatækni og hátæknigeiranum auk háskóla og rannsóknarstofnana.

Auk þess að kanna þörf fyrir sérfræðinga er ætlunin að fá upplýsingar um hvernig menn hafa borið sig að við leit að sérfræðingum, hvaða vandamál hafa komið upp og hverjar tillögur þeirra eru til úrbóta.

Niðurstöður umræddrar könnunar geta nýst stjórnvöldum til að bæta úr þeim vanda sem þarna er við að etja en þar má nefna skattalega hvata, skjótvirka afgreiðslu dvalar- og atvinnuleyfa, aukið framboð alþjóðlegs náms á grunnskólastigi og lágmörkun neikvæðra áhrifa gjaldeyrishafta.

Virðingarfyllst,



Pétur Reimarsson,
forstöðumaður samkeppnishæfnisviðs